

669. fundur haldinn fimmtudaginn 15. desember 2005 kl. 17:00
í Gimli.

Mætt:

Ísólfur Gylfi Pálmason starfandi formaður
Gunnar Sígurðsson fulltrúi Sambands ísl. Sveitarfélaga
Felix Bergsson varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Hlynur Jónsson fulltrúi SAF
Pétur Rafnsson fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Þórunn Gestsdóttir varafulltrúi
Helga Haraldsdóttir, samgönguráðuneyti
Ársæll Harðarson forstöðumaður
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Ísólfur Gylfi Pálmason varaformaður ráðsins stýrði fundi sem starfandi formaður, en hann tók við í kjölfar þess að Einar Kr. Guðfinnsson var skipaður sjávarútvegsráðherra í lok september og lét af störfum sem formaður Ferðamálaráðs.

1. **Fundargerð 668. fundar:**
Afgreiðsla: Samþykkt.

2. Yfirferð yfir atburði undanfarinna vikna hvað varðar ferðaþjónustu:

Ferðamálastjóri fór yfir fréttir tengdar ferðaþjónustu og viðburði undanfarinna vikna.

3 Staða og horfur í lok árs:

Forstöðumaður markaðssviðs fór yfir tölur þessa árs og umræður urður um horfur á næstu mánuðum.

Formaður þakkaði ráðsmönnum samstarfið á undanförunum árum, en þetta var síðasti fundur þessa ráðs þar sem nýtt ráð með breytt hlutverk verður skipað um áramót. Ferðamálastjóri þakkaði einnig fyrir hönd starfsmanna samstarfið og minnti á að á 41 ári hefur ráðið haldið 669 fundi og á annað hundrað einstaklinga setið sem fulltrúar í ráðinu. Nú yrði mikil breyting þar sem nýtt ráð yrði ekki stjórn stofnunarinnar eins og verið hefur þessi 41 ár.

Að loknum fundi bauð samgönguráðherra til kvöldverðar og kvaddi ráðið.